

1. Almenn:

Laxar Fiskeldi ehf. (áður Laxar eignarhaldsfélag ehf., kt. 450220-1400), Hlíðarsmára 4, 201 Kópavogi, er með 20 tonna rekstrarleyfi (FE-1120) til seiðaeldis á laxi og bleikju á Fiskalóni, 816 Ölfusi. Fyrirtækið sótti um nýtt rekstrarleyfi fyrir 100 tonna hámarkslífmassa fyrir seiðaeldi á laxi, dags. 12. nóvember 2019.

Fiskeldisstöð Laxa Fiskeldi á Fiskalóni er staðsett á landi með frárennsli um framræsluskurð sem rennur í Varmá/Þorleifslæk sem fellur í Ölfusá. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Búnaður eldisstöðvarinnar er þannig að í öllum körum verða ristar til að hindra að fiskur geti komist úr körunum. Allt frárennsli stöðvarinnar fer í gegnum tromlusíu áður en það rennur í framræsluskurð. Litlar líkur eru taldar á slysasleppingu úr stöðinni þegar tillit er tekið til varnarbúnaði í körum og í frárennsli stöðvarinnar.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir skv. 8. gr. laga 71/2008 um fiskeldi og 12. gr. reglugerðar 540/2020 um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 13. nóvember til 11. desember 2020 og engin athugasemd barst vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér tilkynnta framkvæmd og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu, og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Framkvæmd Laxa Fiskeldis á Fiskalóni í Ölfusi var tilkynnt til Skipulagsstofnunar þann 22. október 2019. Matvælastofnun skilaði umsögn vegna mögulegrar matsskyldu til Skipulagsstofnunar þann 8. nóvember 2019. Í umsögninni kemur fram að stofnunin telji ekki tilefni til að umrædd framkvæmd fari í gegnum mat á umhverfisáhrifum þar sem hún er ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, þ.e. að hafa verulega óafturkræf umhverfisáhrif eða valda verulegum spjöllum á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum. Varðandi afstöðu Matvælastofnunar vegna umhverfisáhrifa horfir stofnunin sérstaklega til þátta er snúa að sjúkdómum og stroki. Skipulagsstofnun gaf út ákvörðun þann 19. desember 2019 þess eðlis að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna aukins lífmassa á eldi Laxa Fiskeldi úr 20 tonnum í 100 tonn kemur fram að fyrirhugað eldi muni fyrst og fremst hafa áhrif á tvo umhverfisþætti, það er áhrif frárennslis á lífríki í vatni og áhrif mögulegs stroks á villta laxa. Skipulagsstofnun bendir á að helstu neikvæðu árif framkvæmdarinnar felist einna helst í mögulegum áhrifum frárennslis á Varmá/Þorleifslæk og sér í lagi með tilliti til samlegðaráhrifa með annarri starfsemi sem losar frárennsli í ána. Óvissa er um áhrif fyrirhugaðrar heildarlosunar á svæðinu en Skipulagsstofnun telur að með virkri vöktun árinna og mögulegum mótvægisáðgerðum séu litlar líkur á að gengið verði of nærri álagspoli náttúrunnar. Þá telur Skipulagsstofnun að búnaður stöðvarinnar sé nægilegur til að óverulegar líkur séu á að eldisfiskur sleppi og blandist við villta fiska.

Matvælastofnun álitur að náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu eldi Laxa Fiskeldis ehf., eldistegund eða eldisaðferð gefi ekki tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa. Matvælastofnun telur að umhverfisáhrif vegna framkvæmdarinnar verði afturkræf verði starfseminni hætt. Eins og fram hefur komið þá hefur Matvælastofnun kynnt sér tilkynnta framkvæmd fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu. Matvælastofnun staðfestir að framkvæmd Laxa Fiskeldis ehf. á Fiskalóni í Ölfusi er í samræmi við tilkynnta framkvæmd.

3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna leyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum frá Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun og Sveitarfélaginu Ölfusi þann 7. september 2020 vegna aukins eldis Laxa Fiskeldis á Fiskalóni, Ölfusi. Gögn sem fylgdu umsagnarbeiðnum voru tilkynning rekstraraðila til Skipulagsstofnunar og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar, sem barst 6. október 2020, kemur fram að stofnunin árétti mikilvægi þess að öruggur búnaður sé á frárennsli sem kemur í veg fyrir að seiði eða fiskar sleppi út í viðtakann. Hafrannsóknastofnun telur mikilvægt að sá búnaður sem nýta á til síunar og koma eigi í veg fyrir að lifandi fiskar berist út í umhverfið virki eins og gert er ráð fyrir. Að öðrum kosti er mögulegt að náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvarinnar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldisstofnar eða eldisaðferðir geti haft neikvæð vistfræði- eða erfðafræðihrifa af þessari starfsemi.

Í umsögn Fiskistofu, sem barst 19. nóvember 2019, kemur fram að Fiskistofa horfir til þeirra þátta sem getur varðað áhrif framleiðslunnar á villta fiskstofna. Slík áhrif geta komið fram ef fiskar sleppa lifandi frá fiskeldisstöð. Fram kemur að engar slyasleppingar hafi orðið frá stöðinni og að af lýsingu á búnaði stöðvarinnar og sögu megi ráða að ólíklegt verði að teljast að fiskar geti sloppið lifandi frá henni og borist í Þorleifslæk eða Ölfusá. Fiskistofa telur því að litlar líkur séu á því að starfsemin geti haft mikil áhrif á náttúruleg vistkerfi laxfiska. Fiskistofa bendir jafnframt á að ef fiskar sleppa úr eldisstöð skulu aðgerðir skipulagðar í samráði við fulltrúa Fiskistofu, sbr. 13. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Umsögn barst ekki frá Sveitarfélaginu Ölfusi.

Gerð er krafa um að fiskeldisstöðvar á landi séu útbúnar búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Fiskheldni stöðvarinnar á Fiskalóni er góð skv. þeim upplýsingum sem liggja fyrir og fram koma hér að ofan. Allt frárennsli frá körum rennur í gegnum ristar til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi. Allt frárennsli frá stöðinni fer í gegnum rist og tromlusíu áður en það fer út í viðtakann.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingartíma vegna rekstrarleyfistilögunnar og viðbrögð Matvælastofnunar

Matvælastofnun bárust engar athugasemdir við tillögu að rekstrarleyfi á auglýsingartíma.

5. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Laxa Fiskeldis ehf. Rekstrarleyfið heimilar hámarkslífmassa 100 tonn til seiðaeldis á laxi á Fiskalóni, Ölfusi.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Samliða útgáfu rekstrarleyfis afhendir Matvælastofnun útgefið starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Rekstrarleyfið gildir til 19. febrúar 2037.

Á sama tíma og rekstrarleyfið tekur gildi (FE-1158) kemur það í stað rekstrarleyfis Laxa Fiskeldis ehf. til 20 tonna seiðaeldis á laxi og bleikju (FE-1120).

Selfossi, 19. febrúar 2021